



Álagning fasteignagjalda og útsvars í Húnaþingi vestra árið 2024

Útsvar	14,74 %
Fasteignaskattur A-gjald	0,475 % af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32 % af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,32 % af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	10,5 kr. pr. m ²
Lóðarleiga, ræktað land	1,46 kr. pr. m ²
Holræsagjald	0,21% af fm.húss og lóðar
Vatnsskattur	0,27% af fm. húss og lóðar
Aukavatnsskattur	25,0 kr. m ³
Hreinsun rotþróa:	
0-2000 lítra	17.450 kr. pr. þró
2001-4000 lítra	21.500 kr. pr. þró
4001-6000 lítra	23.500 kr. pr. þró
6001 lítra og stærri	5.930 kr. pr. m ³
Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða.	100.000 kr.
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp.	43.000 kr.

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-, B- og C- gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Fasteignamati ríkisins, en holræsagjald, vatnsskatt og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig 4.

Gjalddagar

Gjalddagi gjalda undir kr. 20.000 er 1. maí.

Gjalddagar gjalda sem eru á bilinu kr. 20.001 – 38.000 eru 1. apríl og 1. júlí.

Fasteignagjöld eigna sem eru hærri en kr. 38.000 hafa 8 gjalddaga, frá 1. febrúar 2024 til 1. september 2024.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2024.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra. Afslátturinn er tekjutengdur og miðaður við árstekjur 2022 samkvæmt skattframtali 2023, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur og tekur einungis til fasteignaskatts. Hámark afsláttar er kr. 82.000.

Tekjuviðmiðun:

Fyrir einstaklinga:

- a) Með heildartekjur allt að kr. 4.539.000 fær 100% afslátt, þó að hámarki kr. 82.000.
- b) Með tekjur umfram kr. 6.125.000 enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- a) Með heildartekjur allt að kr. 6.125.000 fær 100% afslátt, þó að hámarki kr. 82.000.
- b) Með heildartekjur umfram kr. 8.100.000 enginn afsláttur.

Hlutfallslegur afsláttur er veittur samkvæmd framangreindu tekjubili.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Sé fasteign skráð með leyfi til heimagistingar fellur afsláttur af fasteignagjöldum með öllu niður árið 2024.

Í tilfelli hjóna eða sambýlisfólks, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.

Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti ársins að fullu.

Samþykkt á 373. fundi sveitarstjórnar þann 24. október 2023.